

ALARFRÆÐI
EIMSPEKI
TRÚARBRÖGÐ
AGSFRÆÐI



Ársskýrsla 2016

Garðabær 17. mars 2017

Margrét Sigurgeirsdóttir

Bókasafn Garðabæjar

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Bókasafn Garðabæjar er staðsett á Garðatorgi 7 og útibúið **Álftanessafn** við Eyvindarstaðaveg, Álftanesi. Bókasafnið heyrir undir menningar- og safnanefnd Garðabæjar.

Bókasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð sem veitir aðgang að fjölbreyttum bókakosti, gögnum og miðlum til fræðslu og afþreyingar í þeim tilgangi að örva lestraráhuga og styðja við menningarlíf í Garðabæ.

Bókasafnið á Garðatogi er opið virka daga frá klukkan 9 til 19, fyrsta föstudag í mánuði frá klukkan 11 til 19 og laugardaga (1. okt. - 15. maí) frá klukkan 11 til 15. Álftanessafn er opið mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga, frá klukkan 16 til 19, miðvikudaga frá klukkan 16 til 21 og föstudaga frá klukkan 16 til 18.

Bókasafnið á Garðatorgi er í um það bil 700 fm. húsnæði og Álftanessafn í um það bil 132 fm. Töluverðar breytingar voru gerðar á skipulaginu á Garðatorgi. Útstillingar fengu meira vægi við anddyri safnsins og fækkað um eina afgreiðslutölvu eða úr þrem í tvær auk sjálfsafgreiðsluvélar. Ungt fólk fékk meira pláss til móts við barnadeildina og ljóð og leikrit færð á áberandi stað við útstillingu. Mynddiskar og hljóðbækur voru færð á útstillingarsvæði. Ný deild varð til sem fékk nafnið Heimilishornið þar sem efni um uppeldi, matreiðsla, tómstundir og handavinnu fengu sitt pláss og sófi settur í hornið. Tvær hillur fengu hjól og færðar á nýjan stað til að stækka svæðið fyrir Heimilishornið.

STARFSFÓLK

Í lok árs 2016 störfuðu á báðum söfnunum 10

starfsmenn í 5,475 stöðugildum

Í Bókasafninu á Garðatorgi störfuðu sex starfsmenn í 4,875 stöðugilda og einn í tímavinnu.

Alexandra Elvarsdóttir, tímavinnumaður

David Karl Kavanagh, bókavörður 50%

Hafdís Ingimundardóttir, upplýsingafræðingur, útlánadeildastjóri 80%

Hulda Ásgrímsdóttir, upplýsingafræðingur, staðgengill forstöðumanns 100%

Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður 100%

Rósa Þóra Magnúsdóttir bókmenntafræðingur og barnabókavörður 95 %

Sigmar Þór Óttarsson, bókavörður 62,5%

Í Álftanessafni störfuðu þrír starfsmenn í 60% stöðugildi.

Guðrún Gísladóttir, útíbússtjóri 20% lét af störfum 1. ágúst

Katrín Jónína Gunnarsdóttir, bókavörður 20%

Sigrún Linda Leifsdóttir, bókavörður 20%

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir útíbússtjóri, 20% frá 1. ágúst

Sumarafleysing – sumarstörf í Garðabæ.

Alexandra Elvarsdóttir 7 tíma pr. dag, 22. júní til 14. ágúst á báðum söfnum

Guðrún Mist Hafsteinsdóttir 7 tíma pr. dag, 11. júní til 30. júlí

Marta Birgitta Rúnarsdóttir 7 tíma pr. dag, 11. júní til 7. ágúst

UPPLÝSINGTÆKNI

Í safninu á Garðatorgi eru fjórar starfsmannatölvur, afgreiðslutölvum var fækkað úr þremur í tvær í júlí, þrjár notendatölvur, ein leitartölva, ein tölva fyrir öryggismyndavélar og ein sjálfsafgreiðsluvél fyrir gesti safnsins. Á Álftanessafni er ein afgreiðslutölva. Nýr

útíbússtjóri Álftanessafns fékk starfsmannaaðstöðu á Garðatorgi sem nýtist öðru starfsfólki líka.

Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Microsoft Outlook fyrir tölvupósti. Einnig eru forrit í Google Drive notuð. Innri

vefur starfsmanna var tekinn í notkun á árinu og er vistaður á Wordpress.



Bókasafnskerfið Gegnir er í öllum starfsmannatölvum og afgreiðslutölvum. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tenging og leit að gögnum. Leitir.is er leitarvefur sem er öllum aðgengilegur. Það sem finnst í Gegni er sýnilegt í leitir.is.

Bókasafnið tekur þátt í rekstri hvar.is á Íslandi. Þar gefst fólki kostur á að skoða og hala niður tímaritsgreinum, bókaköflum og fleira úr ýmiskonar gagnagrunnum sem sameinast undir hvar.is.

Heildarnotkun á Íslandi árið 2016 var 1.171.420. og jókst lítillega frá árinu 2015, úr 1.134.048 sóttum fulltexta tímaritsgreinum og rafbókakafli. Í hlutfalli má gera ráð fyrir að Garðabæingar, sem eru um það bil 4,4% landsmanna, hafi sótt um 51.543 tímaritsgreinar á árinu 2016.

Bókasafnið heldur úti vefnum bokasafn.gardabaer.is, Facebooksíðu, Snapchat, Instagram og Twitter til að koma á framfæri upplýsingum er varða safnið, til dæmis viðburðum og fréttum. Um áramót voru 579 (446 árið 2015) fylgjendur á fésbókasíðunni.

Útlána- og upplýsingaþjónusta bókasafnsins tekur á öllum þáttum sem snúa að útlánum og þjónustu við lánþega og safngesti. Í safninu er netaðgangur og lesaðstaða. Ein leitartölva er til afnota fyrir lánþega og tvær nettengdar tölvur standa safngestum til boða gegn vægu gjaldi. Þeir sem koma með eigin tölvur geta komist á þráðlaust net á flestum stöðum innan bókasafnsins sér að kostnaðarlausu. Hafdís Ingimundardóttir, upplýsingafræðingur hefur yfirumsjón með útlána- og upplýsingaþjónustu bókasafnsins.

ÞJÓNUSTA

Allir sem komast í nettengda tölvu/snjalltæki geta leitað að bókum og öðrum gögnum í leitir.is, séð hvar þær eru að finna og fengið þær lánaðar milli safna. Undanfarin ár hafa flest millisafnalán í Bókasafni Garðabæjar verið í tengslum við samstarfsverkefnið "Bækur og móðurmál" þar sem Bókasafn Garðabæjar er móðursafn fyrir portúgalskar bækur. En vegna lítillar aðsóknar nú í portúgalskar bækur hafa ekki verið keyptar nýjar bækur.

Lesstofa safnsins er á annari hæð. Mest er aðsóknin að lesstofunni á prófatímum skólanna; í maí og nóvember. Auk þess hafa leshringur og ættfræðiklúbbur fastan tíma á lesstofu hálfsmánaðarlega hvor klúbbur fyrir sig. Leshring sækja að jafnaði 18-22 konur annan hvern þriðjudag. Fundi ættfræðiklúbbsins sækja að jafnaði 12-15 manns annan hvern þriðjudag yfir vetrarmánuðina.

Samanlagt eru það um það bil 393 gestir sem mættu í þessa tvo klúbba. 588 (634 árið 2015) manns sóttu lesstofuna á árinu.

Heimanámsaðstoð undir verkefnaheitinu Heilahristingur, sem er aðstoð við grunnskólanemendur í Garðabæ, fer fram hvern fimmtudag kl. 15:00 yfir veturinn. Dræm mæting var á Álftanessafni. Mæting var illa skráð fram að vori en að hausti mættu 75 krakkar á Garðatorg.

Bókasafn Garðabæjar er í samstarfi við Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Kópavogs og hefur þetta samstarfsverkefni verið kallað Millireykjasambandið. Það nægir að greiða árgjald á einum stað og gildir það á Millireykjasvæðinu. Forstöðumenn safnanna hittast reglulega yfir árið og skipuleggja fræðslu fyrir starfsmenn safnanna.

Gjöld:

Árgjald er 1800 kr. Börn og unglingar undir 18 ára aldri, öryrkjar og ellilífeyrisþegar greiða ekki árgjald. Tölvunotkun 100 kr. fyrir ½ klukkustund, 200 kr. fyrir klukkustund.

Frítt þráðlaust net.

Byrjað var að lána út mynddiska án gjalds 1. janúar.

Útrentun og skönnun 30 kr. 40 kr. og 50 kr.

Dagsektir greiðast ef gögnum er skilað eftir útgefinn

skiladag.

Bækur, tímarit, hljóðbækur, tónlistardiskar og tungumálanámskeið 25 kr. á dag.

Mynddiskar og myndbönd 200 kr. á dag.

Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

VIÐBURÐIR OG KLÚBBAR

Margt var um að vera á Garðatorgi, sjá töflu 8.

Sögugöngur voru nokkarar í samstarfi við umhverfisnefnd og menningar og safnanefnd. Þær sem voru farnar beint frá safni var gangan um Túnin



undir stjórn Baldurs Svavarssonar arkitekts og Garðbæings og mættu 70 manns. 115 manns mættu í sögugöngu um Flatir undir stjórn Ólafs G.

Einarssonar fyrrverandi sveitarstjóra Garðahrepps og alþingismanns. Bókasafnið bauð upp á kaffi og kleinur eftir gönguna.

Safnanótt fór fram föstudaginn 5. febrúar og voru bæði söfnin opin á Garðatorgi og Álfanesi á milli kl. 19:00 og 24:00.

Dagskrá safnanætur:

Spákona, ljóðasmiðja, lesið með vasaljósi fyrir börn á aldirnum 3 til 7 ára, Ólína Þorvarðardóttir fræddi gesti um álfa og tröll. Eldklárir krakkar úr Rytmadeild Tónlistarskóla Garðabæjar spiluðu. Ómar Guðjónsson gítarleikari og Valdimar Guðmundsson söngvari enduðu dagskrána. 345 mættu á Safnanótt.

Jólabókaflóðið var krufið af Jóni Yngva Jóhannssyni 30. janúar á laugardegi við góðar undirtektir. 25 manns mættu.

Ferðast í huganum með Jóni Björnssyni um Jakobsveginn. Jón hefur skrifað bók um Jakobsveginn og ferðast mikið. Hann sagði frá eigin reynslu og fræddi gesti um veginn. 30 gestir mættu.

Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur á báðum söfnum 8. september og bakaðar vöflur fyrir gesti og gangandi. Uppáhalds ljóðið var valið af starfsfólki bókasafna á Íslandi og fengu gestir safnsins einnig að taka þátt í vali. Með þessu var verið að vekja athygli á ljóðum og vísum.

Garðverkin. Safnið bauð upp á ýmsan fróðleik um garðinn og fékk garðyrkjustjóra og umhverfisstjóra til samstarfs. Þau komu 3 skipti á safnið og fræddu þá fáu gesti sem mættu. Kristinn hjá Garðyrkjufélagi Íslands endaði þessa dagskrá 14. maí og mættu 12 gestir sem telst ágætis mæting.

Afmæli Garðabæjar. Af því tilefni var miðbæjarhátíð á Garðatorgi laugardaginn 3. september. 679 gestir komu á safnið þann daginn. Gestir safnsins máluðu á striga, fóru í ratleik, skoðuðu myndlistasýningu og örfáir nýttu sér jóгатíma en safnið fékk til liðs við sig jógakennara.

Listamaður mánaðarins í samvinnu við Grósku. Félagsmenn Grósku sýna verk sín á bókasafninu og

hafa gjarnan sýningaropnun. Þetta vekur ánægju gesta og gangandi. Lilja Hallgrímsdóttir var í september, Hrafnhildur Gísladóttir var í október, Katrín Matthíasdóttir í nóvember með sýningu í barnadeildinni og Guðrún Hreinsdóttir í desember. Í nóvember fékk safnið Guðlaug Arason til að hafa álfabókasýningu. Á sýningaropnun las Guðlaugur upp úr óútkominni bók við mikla ánægju gesta. Mættu 20 manns á þann viðburð.

Norræna bókasafnavikan er í nóvember ár hvert og þá er valinn texti til upplestrar og visst þema sem einkennir vikuna og lesefnið. **Dagur íslenskrar tungu** er haldinn hátíðlegur 16. nóvember með söng og upplestri. Skólakór Hofsstaðaskóla söng ljúf lög og rithöfundar lásu upp fyrir börn og fullorðna.

Bókasþjallið var haldið í fyrsta skipti á safninu fimmtudaginn 24. nóvember klukkan 20. Safnið fékk styrk frá menningar- og safnanefnd til þess. Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur stýrði. Höfundar sem komu voru: Auður Ava Ólafsdóttir með Ör, Árni Þórarinsson með 13 dagar og Ásdís Halla Bragadóttir með ævisöguna Tvísaga: móðir, dóttir, feður. 40 manns sóttu viðburðinn og líkaði vel.

Leshringur Bókasafns Garðabæjar - Um 20 - 22



konur sóttu leshring bókasafnsins að jafnaði síðastliðið ár. Leshringurinn var starfræktur

janúar- apríl og september - desember, 6 skipti hvort tímabil, og fundir voru haldnir annan hvern þriðjudag kl.10:30-12 í lesstofu og heimilishorni safnsins. Á

vorönn voru lesin ritverk Árna Bergmanns. Vorferð var farin í apríl og þá voru Hulduhólar í Mosfellsbæ heimsóttir en þar býr Árni Bergmann og kona hans Steinunn Marteinsdóttir listakona. Árni spjallaði við hópinn og Steinunn sýndi listaverk sín og vinnustofu. Á haustönn var fjallað um ritverk feðganna Thors Vilhjálmssonar og Guðmundar Andra Thorssonar og ritstíll þeirra borinn saman. Jólafundur var haldinn í desember en þá komu meðlimir með ljúffengar veitingar og lesnar voru jólasögur og ljóð. Umsjónarmaður er Rósa Þóra Magnúsdóttir.

Ættfræðihópurinn starfar um vetrartímann á Bókasafni Garðabæjar undir stjórn Guðmars Magnússonar. Hópurinn hittist hálfsmánaðarlega á lesstofu safnsins, fundirnir eru að jafnaði vel sóttir, en þetta er fimmti veturinn, sem hópurinn starfar.

Reglulegir þátttakendur í starfinu eru 12 til 15 manns, en flesta fundi sækja 9 til 11 félagar. Reynt er að fá til liðs við hópinn nýja aðila, en eins og gengur forfallast fólk vegna veikinda eða af öðrum orsökum. Alls mættu 135 manns á árinu.

Foreldraklúbburinn hóf starfsemi sína í september. Það er ekki mikill áhugi meðal foreldra að mæta og bera saman bækur sínar. Klúbburinn þróaðist í foreldrafræðslu og var boðið upp á tvo viðburði að hausti. 19. september kom aðili frá Rauða krossinum og kenndi skyndihjálþ. Mættu 6 foreldrar auk barna á það. 31. október kom Stefanía B. Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur hjá Miðstöð foreldra og barna og ræddi um þarfir og þroska ungra barna og hvernig foreldrar geta hjálpað þeim til að takast á við flókin þroskaverkefni fyrstu áranna. 14 fullorðnir mættu auk barna.

Handavinnuklúbburinn á Garðatorgi var tíðindalaus á árinu og mætti aðeins einn. Því hefur verið ákveðið að auglýsa hann ekki frekar og láta hann bíða betri tíma. Handavinnuklúbburinn á Álftanessafni mun halda áfram í bili þar sem einhver mæting hefur verið.

Heimsóknir leikskóla- og skólahópa - 1330 (1538 árið 2015)

Sögustundir, fræðsla um bókasöfn, uppröðun og meðferð bóka, höfunda- og bókakynningar, verkefnavinna, kynning á sumarlestri, aðstoð við val á lestrarbókum – skoðaðar bækur að eigin vali, spilað, litað og föndrað.

Skólar: Barnaskóli Hjalla, Vífilsskóli, Hofsstaðaskóli, Flataskóli, Sjólandsskóli

Leikskólar: Holtakot, Bæjarból, Kirkjuból, Hæðarból, Akkrar, Lundaból, Sjóland

Annað: Íþróttaskóli Stjörnnunar

Viðburðir - 425 (234 árið 2015) (áætlaðar tölur yfir fjölda barnanna) :

Sögustund við vasaljós á Safnanótt - lesnar bækur sem tengjast mögnuðu myrkri við vasaljós í eldhúskrók 8

Dagskrá í vetrar- og páskafríi skólanna - sýndar DVD myndir, ratleikur, bingó, þrautir, spil, perl og bækur 94

Upplestur - Gunnar Helgason las úr bókinni Mömmu klikk (apríl) 20

Lokahátíð Sumarlesturs - Viðurkenningar afhentar, Gunnar Helgason las úr bókum sínum og grillveisla 35

Listasmiðjur 2 skipti - umsjón Helga Sif

Guðmundsdóttir, Bók+list (apríl) 5,

hrekjavökugrasker (október) 29

Listadagar barna og ungmenna - Leikskólinn Lundaból sýndi listaverk í barnadeildinni, hópar komu að skoða 25

Upplestur - Birgitta Haukdal las úr nýju Lárubókunum sínum (nóvember) 50

Upplestur - Jóna Valborg Árnadóttir las úr Hetjubókinni (október) 12

Bangsadagur – sögustund – lesnar bangsasögur (október) 17

Dagur íslenskrar tungu - Skólakór Hofsstaðaskóla söng undir stjórn Unnar Þorgeirsdóttur, Helga Sv.

Helgadóttir las úr barnabókinni Húsið á heimsenda og myndskreytingar úr bókinni eftir Katrínu

Matthíasdóttir voru til sýnis 47

Fjölskyldustund á laugardögum - Starfsfólk les sögu, föndur, perlur, krítar í boði suma laugardaga, alltaf spil og litir 43

Jólaleikrit – Stoppleikhópurinn sýndi leikritið Jólin hennar Jóru 3. desember á lesstofu – jólaföndur í barnadeild 40

QR leikur – ratleikur, hópur frá Flataskóla – 45 krakkar úr fjórða bekk komu með kennurum sínum.

Alls: 1755

Verkefni

Bókaverðlaun barnanna – Börnin kjósa sínar uppáhaldsbækur frá árinu á undan í almenningabókasafninu eða í skólabókasöfnunum. Hofsstaðaskóli, Sjólandsskóli, Flataskóli og Álfstanesskóli tóku þátt og yfir 200 atkvæði bárust.



Fjórar efstu bækurnar í kosningunni í Garðabænum voru Mamma klikk eftir Gunnar Helgason, Leyndarmál Lindu 2 eftir Rachel Renée Russell, Skósveinarnir eftir Chesterfield,S, Trey,K og Pín

eigin goðsaga eftir Ævar Þór Benediktsson. Fjórir heppnir þátttakendur fengu bók að gjöf.

Sumarlestur – lestrarátak í sumarfríi skólanna. Um 173 börn tóku þátt, komu reglulega á söfnin í sumar til að fá límmiða í lestrardagbókina og setja umsagnarmiða í lukkukassann. Úr þeim miðum var dreginn einn lestrarhestur í hverri viku og voru það því

tíu heppnir þátttakendur sem hlutu bókarverðlaun. Á lokahátíð Sumarlestursins fengu allir þátttakendur, sem höfðu verið virkir um sumarið og skráð lestur sinn í lestrardagbókina, merktan bókasafnspoka fyrir þátttökuna. Grillaðar voru pylsur og Gunnar Helgason las úr bókum sínum.

Fjölskyldustundir

Á laugardögum eru fjölskyldustundir. Þá eru spil og önnur afþreying á borðum og sögustund kl.13.

Rithöfundar koma og lesa úr bókum sínum eða aðrar uppakomur.

Heilahristingur – börn á grunnskólaaldri geta komið á fimmtudögum kl. 15 – 17 og fengið aðstoð við heimanámið. Sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum leiðbeina.

2ja ára börn fengu að venju bókagjöf frá Bókasafni Garðabæjar. Foreldrar 2ja ára barna fá send bréf frá bókasafninu þess eðlis að barnið eigi þar bókasafnspoka með bók og fræðsluefni um mikilvægi lesturs og er boðið velkomið á bóksafnið.

Rósa Þóra Magnúsdóttir barnabókavörður

ÁLFTANESSAFN

Álftanessafn er útibú frá Bókasafni Garðabæjar og er samsteypusafn með Skólasafni Álftanesskóla.

Hefðbundinn afgreiðslutími Álftanessafns er 16 tímar

á viku. Opið er alla virka daga vikunnar.

Í Álftanessafni

starfa þrír

starfsmenn í 60%

stöðugildi. Sigríður

Júlía Sighvatsdóttir,

útibússtjóri (tók við

af Guðrúnu

Gísladóttur 1.

ágúst), Katrín Jónína

Gunnarsdóttir,

bókavörður og

Sigrún Linda

Leifsdóttir,

bókavörður.

Álftanessafn tók

þátt í Safnanótt 5.febrúar og var safnið opið milli

19:00 og 24:00. Á dagskránni var Nada Borosak með

kennslu í origami fyrir krakka, Agla Bríet Einarsdóttir

nemandi í 9. bekk Álftanesskóla söng og nemendur

Tónlistarskóla Garðabæjar spiluðu léttu tónlist. Að

lokum var kvikmyndin Spirited away á skjánum

Hannyrðaklúbbur opinn öllum með áhuga um hannyrðir, var með aðstöðu á safninu þriðja miðvikudag í mánuði frá kl. 19:00 – 21:00 yfir vetrarmánuðina.

Leshópurinn Lesum saman kom saman fyrsta miðvikudag hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina. Um það bil 15-18 manns mættu í hvert skipti og ræddu bók mánaðarins, bókmenntir o.fl.


Boðið var upp á heimanámsaðstoð fyrir grunnskólakrakka á safninu en hún var í samvinnu við Garðabæjardeild Rauða krossins.

Sumarlestur hófst 10. júní. Krakkar á Álftanesi voru dugleg að taka þátt og voru nokkrir lestrarhestar vikunnar þaðan.

Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur þann 8. september og var gestum safnsins boðið í vöflukaffi í tilefni dagsins.

Þann 9. nóvember varð Álftanessafn 60 ára en það var formlega stofnað 1956 þó í grunninn sé safnið mun eldra. Gunnar Valur Gíslason formaður menningar- og safnanefndar Garðabæjar flutti ávarp og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur las upp úr nýrri ljóðabók sinni Hæg breytileg átt : ljóð. Boðið var upp á afmælisköku og gestir gátu fengið ókeypis skirteini og niðurfelldar sektir af gögnum.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir, útibússtjóri



Morgunkorn Upplýsingar 3 (Margrét og Hafdís)

Starfsmannafundir voru 8 á árinu

Millireykjafræðsla 8. janúar Ása Bjarnadóttir fjallaði

um teymisvinnu í Bókasafni Kópavogs

Haustfagnaður starfsmanna í september í Mathúsi

Garðabæjar, Garðatorgi



Wordpress-námskeið – vefgerð (Margrét)

Millireykjafræðsla 6. maí Guðmundur Ari Sigurjónsson

með 9 þrep æskulýðsstarfs í Bókasafni Garðabæjar

Vorfundur SFA í apríl á Egilsstöðum (Margrét)

Haustfundur SFA 28. september á Reykjanesi

(Margrét)

Landsfundur Upplýsingar 28. til 29. september

(Margrét, Rósa og Hafdís)

Forstöðumannafundur Garðabæjar 6. október

(Margrét)

Jólagleði starfsmanna Hótel Holt 18. nóvember

Einnig fór forstöðumaður á nokkur fræðslunámskeið á sviði skipulags hjá BHM

Landskerfi, Gagnisnámskeið (Hulda, Rósa og Sigmar)

SKJALASAFN

Þar sem Garðabær er ekki aðili að héraðsskjalasafni hefur í gegnum árin myndast hefð fyrir því að bókasafnið taki við og geymi eldri skjöl frá stofnunum, félagasamtökum og einkaaðilum í bænum. Mörg þessara skjala bera vott um merka sögu sveitarfélagsins t.d. handskrifaðar bækur eftir

Guðmann Magnússon hreppstjóra allt aftur til ársins 1969.

Í dag liggja elstu skjölin undir skemmdum vegna vöntunar á viðeigandi geymsluskilyrðum og er því brýnt að marka stefnu til framtíðar um varðveislu og aðgengi þeirra.

TÖLFRÆÐI

Útlán aukast lítillega þá einkum hjá börnum, unglingum og ókeypis skírteinum. Útlánunum á Garðatorgi fjölgar um 2,1% en fækkar um 10,5% í Álfthanessafni á milli áranna 2015 og 2016.

Heildarútlán árið 2015 á Álfthanessafni voru 8.280 (2015; 9.256) og Garðatorgi 57.686 (2015; 56.490), sjá töflu 1, 2 og 3. Bókasafnið er ekki bara útlánastöð heldur líka vettvangur til að dvelja á og upplifa. Gestir lesa blöðin, hittast og sækja klúbba og viðburði sjá töflu 7. Á árinu 2016 var unnið í að grísa gögn sem lánast ekki út. Það þarf að rýma fyrir nýjum gögnum.

Gögnum fækkar lítillega sjá töflu 4, 5 og 6. Grísun þarf að haldast í hendur við innkomu nýrra gagna.

Heildar gestafjöldi árisins 2016 voru 57.772 (45.000s (spágildi) árið 2015) gestir á Garðatorgi og 1.382 gestir á Álfthanessafni. Því hefur verið talsverð aukning á Garðatorgi og má draga þá ályktun að viðburðir séu að draga fleiri gesti inn á safnið og þá ekki bara á viðburðina sjálfa á árinu 2016. En það ber að hafa í huga að árið 2015 eru spágildi út frá litlu úrtaki þar sem gestateljari var ekki allt árið.

Tafla 1 Útlán eftir mánuðum á Bókasafni Garðabæjar

	2016	2015	2014
Janúar	5.330	5.719	5.897
Febrúar	5.590	5.068	5.570
Mars	5.642	5.947	5.751
Apríl	4.798	5.290	5.304
Maí	5.194	4.722	4.482
Júní	5.149	5.471	5.448
Júlí	5.608	6.016	6.369
Ágúst	6.235	5.434	5.665
September	5.766	5.762	6.118
Október	5.566	6.046	6.327
Nóvember	6.223	5.683	6.047
Desember	4.865	4.588	4.903
	65.966	65.746	67.881

Tafla 2 Útlán eftir efnistegund á Bókasafni Garðabæjar

	2016	2015	2014
Snælda	6		11
Hljóðbók	34	48	22
Bók	55.363	54.544	55.151
Spil	42	46	52
Geisladiskur	158	198	179
Hljóðbók CD	923	1.004	1.123
Tölvugögn	10	16	42
DVD	2.432	2.072	2.248
Tímarit	6.476	7.401	8.717
Gagnasett	3	26	31
Kort	2	28	4
Hljóðbók MP3	510	338	268
Nótur	5	6	7
Myndband	2	19	26
	65.966	65.746	67.881

Tafla 3 Útlán eftir lánþegategund á Bókasafni Garðabæjar

	2016	2015	2014
1 Fullorðnir 18-66	27.158	29.229	31.630
2 Unglingur 13-17, nem.	1.364	1.234	1.635
3 Barn 0-12, nem.	16.062	14.875	14.689
4 Frítt skírteini	18.219	16.804	16.300
5 Starfsmaður	1.070	857	889
7 Stofnun, frítt	1.002	119	1.991
8 Stofnun	16	1.481	2
Annað	1.075	1.147	745
Samtals	65.966	65.746	67.881

Safneign:

Tafla 4 Eign Bókasafns Garðabæjar

	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2014
Bækur	60.031	59.965	58.433
Tímarit	12.564	12.873	12.924
DVD	1.047	986	977
Myndbönd	416	475	444
Tónlistardiskar	1.225	1.234	1.228
Hljóðbækur	840	904	822
Annað (nótur, gagnasett, kort)	332	330	387
	76.455	76.767	75.215

Tafla 5 Nýskráð gögn eftir efnistegund á Bókasafni Garðabæjar

	2016	2015	2014
Bækur	2.098	1.993	1.681
Tímarit	927	864	914
DVD	73	51	84
Snælda	-	1	-
Geisladiskar	-	6	4
Geislad. hljóðb.	17	8	31
MP3 hljóðb.	57	27	-
Kort	-	12	-
Nótur	-	-	5
Spil	-	-	10
Myndband	-	-	1
	3.172	2.962	2.730

Tafla 6 Afskrifuð gögn á Bókasafni Garðabæjar

	2016	2015	2014
Bækur	2.078	572	623
Tímarit	1.286	790	779
DVD	14	156	19
Myndbönd	60	10	4
Tónlistardiskar	11	3	8
Hljóðbækur geislsd.	17	8	7
Hljóðbækur MP3	1		
Snældur	124	1	3
Annað (nótur, gagnasett, kort, tölvugögn)	10	4	3
	3.601	1.544	1.446

Lykiltölur:

Tafla 7 Lykiltölur Bókasafns Garðabæjar

	2015	2016
Gestafjöldi	46.000	59.154
Fjöldi heimsóknna á heimasíðu		
Fjöldi uppflettinga á heimasíðu		
Safnkostur	76.767	76.455
Safnkostur á íbúa	5,2	5,0
Heimsókn á íbúa	3,1	3,9
Velta safnkosts - útlán á eintak	0,9	0,9
Velta safnkosts - bækur útlán á eintak	0,9	0,9
Velta safnkosts – tímarit útlán á eintak	0,6	0,5
Tölvur fyrir gesti	4	3
Fjöldi íbúa um hverja tölvu	3.683	5.083
Afgreiðslustundir á viku	68	68
Afgreiðslustundir á ári	3.530	3.530
Heildarhúsnæði í fermetrum	832	832
Útlán	65.746	65.966
Heimsendingarþjónusta (fjöldi notenda)	2	2
Útlán á íbúa	4,5	4,3
Fjöldi viðburða	17	32
Skipulagðar heimsóknir barna og unglunga	1538	1350
Fjöldi gesta á viðburði	?	2.024

Tafla 8 Viðburðir á Garðatorgi

Dags	Titill	Erindi	Fjöldi gesta
30. jan.	Jólabókaflóðið	Jón Yngvi Jóhannsson fer yfir bókaflóðið	25
5. feb.	Safnanótt	Safnanótt. Viðburðir í Álftanessafni og Bókasafni Garðabæjar. Opið á báðum söfnum til kl. 2400	348
15-19 febrúar		Vetrarfrídagar – Bíódagar - bingó	50
8. mars	Söguganga	Sögugöngur -Túnin Baldur	70
10. mars	Ferðast í huganum	Jakobsvegurinn - Jón Björnsson	30
Páksavikan	Skólafrí á safni	Bíódagar f. krakka	44
21. apríl	Djasshátíð Gb.	Stilla út allt um og með djass	
23. apríl	Alþjóðadagur bókarinnar og höfundarréttar	Upplestur fyrir ungmenni kl. 1300 - Gunnar Helgason	20
Apríllök	Bókalistasmiðja	Listadagur barna og ungmenna - hátíð í Garðabæ. Helga Sif með bókalistasmiðju	5
Apríl	Garðurinn	Vorkynning Garðabæjar	3
14. maí	Garðurinn	Garðyrkjufélag Íslands - Kirstinn kl. 13-15	12
23. maí	Tónlistaskólinn	Vorhátíð rytmísku deildar Tónlistarskóla GB kl. 20-2130	140
Sumar	Sumarlestur	Lestrarhvetjandi verkefni fyrir börn 6-12 ára	150
11. ágúst	Söguganga	Söguganga - Flatir Ólafur Geir Einarsson	115
18. ágúst	Sumarlestur	Lokahóf - pylsugrill - Gunnar Helgason las upp úr Mamma klikk!	40
3. sept	Afmælishátíð(garðatorgi)	Strigi - gestir mála, ratleikur á safni, jóga með Þóru	679
3. sept.	Jóga	Þóra Sigríður Ingólfssdóttir 15 mín námskeið	2
8. sept	Jóga	Yoga með Þóru	0
8. sept	Bókasafnsdagurinn	Vöflukaffi kl. 15. Hátíðlegt og þemaval gesta	
13. sept	Jóga	Yoga með Þóru	3
19. sept	Foreldrafræðsla	Foreldraklúbbur hefst - skyndihjálparnámskeið	6
1. okt	Upplestur í sögustund	Jóna Valborg les upp eigin bók: Hetjubókin fyrir börn 4-8 ára	12
5. okt.	Móttaka	Móttaka bókasafns- og upplýsingafræðinga - safnakynning	7
22. okt	Listasmiðja	Hrekkjavökulistasmiðja - Helga Sif	29
31. okt	Foreldrafræðsla	Foreldraklúbbur, fræðsla fyrstu 1000 dagarnir	14
3. nóv	Sýningaropnun	Opnun Álfabókasýningar - Guðlaugur Arason les upp úr handriti	20
12. nóv	Upplestur í sögustund	Birgitta Haukdal les	55
16. nóv	Dagur íslenskra tungu	kl. 17:00 Skólakór Hofsstáðaskóla kl. 1730 Sýning og barnabók kl. 1800 les höfundur upp úr spennusögunni Einfari - Hildur Sif Thorarensen	60
24. nóv	Bókaspjall	Bókmenntakvöld. Stjórnandi og 3 höfundar.	40
3. des	Jólaeikrit	Barnaleikrit kl. 1430 , safn opið til kl. 1600	45
Samtals			2.024